

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

175. FUNDUR.

Árið 2010, fimmtudaginn 2. desember var haldinn 175. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra kl. 10:00. í fundarsal Ráðhússins. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun Húnaþings vestra fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki árið 2011.

Lögð var fram til fyrri umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrir árið 2011. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri kynntu.

Lögð fram svohljóðandi tillaga um álagningu fasteignagjalda árið 2011.

Fasteignaskattur A-gjald	0,40%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,30%	af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	6,55	kr. pr. m ²
Lóðarleiga, ræktað land	0,91	kr. pr. m ²

Holræsagjald	0,25%	af fm. húss og lóðar
Vatnsskattur	0,31%	af fm. húss og lóðar
Aukavatnsskattur	13,77	kr. m ³

Hreinsun rotþróa:

0-2000 lítra	6.917 kr. pr. þró
2001-4000 lítra	8.278 kr. pr. þró
4001-6000 lítra	9.866 kr. pr. þró
6001 lítra og stærri	2.608 kr. pr. m ³

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða	kr. 27.000
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp.	kr. 13.000

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-B-og C gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Fasteignamati ríkisins, en holræsagjald, vatnsskatt og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig 4

Gjalddagi gjalda undir kr. 14.000 er 1. maí

Gjalddagar gjalda á bilinu kr. 14.000 til 22.000 eru 1. apríl og 1. júlí

Aðrir gjalddagar eru 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2011 var farið yfir tillögur að gjaldskrárbreytingum og erindum fyrirtækja, félagasamtaka og fjallskilastjórna.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá þjónustustofnana aðalsjóðs. Framlögð eftirfarandi bókun fulltrúa B lista vegna gjaldskrár íþróttamiðstöðvar: „Við undirrituð samþykkjum tillögu að gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar, að frátalinni nýrri gjaldtöku á aldraða, öryrkja og börn og greiðum atkvæði gegn þeim hluta tillögunnar.“ Elín R. Líndal, Ragnar Smári Helgason

Tillaga um gjaldskrá þjónustustofnana borin undir atkvæði. Samþykkt með 7 atkvæðum

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga um 10% hækkun húsaleigu í íbúðum aldraðra í Nestúni og í Gilsbakka. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa S- lista „Samþykki þær gjaldskrárhækkanir sem hér eru lagðar til í ljósi þess að fjárhagsáætlun sú sem hér er fjallað um hefur verið unnin í samstarfi allra sveitarstjórnarmanna og þær hækkanir sem lagðar eru til eru hóflegar og frekar þörf á samstöðu en sundrung í sveitarstjórn á erfiðum tímum.“ Elín Jóna Rósinberg.

Lögð fram tillaga um úthlutunarreglur vegna aksturs barna í dreifbýli.

Fundarhlé var gert frá kl. 11:05 til kl 11:20

Oddviti lagði til eftirfarandi breytingar á útsendum reglum. Heiti verði „Úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs barna í Húnaþingi vestra“ og í 2. gr. falli út í orðin „í dreifbýli.“

Tillaga að úthlutunarreglum um styrki vegna aksturs barna í Húnaþingi vestra með ofangreindum breytingum borin upp til atkvæða og samþykkt með 5 atkvæðum.

Framlögð eftirfarandi bókun fulltrúa B lista „Við undirrituð styðjum breytingar á reglum og auknum stuðningi við akstur foreldra/forráðamanna leikskólabarna, en lýsa undrun á þeirri leið sem farin er við fjármögnun breytinganna. Meirihlutinn ákvað að stórlækka stuðninginn á móti, hjá barnafólki sem búsetunnar vegna þarf að aka börnum í íþróttir- og tónlistarskóla utan daglegs starfstíma grunnskóla. Stuðningurinn er stórlækkaður, áætlað er að lækka um alla þá uppæð sem fer í leikskólaaksturinn sem verður um 1,1 milljón og gott betur, þar sem akstursstyrkir fara úr 3,3 milljón í 900 þúsund. Hvergi í fjárhagsáætluninni má sjá sambærilegan niðurskurð. Þarna er verið að hverfa frá þeirri grunnhugsun að þrátt fyrir að þjónusta í landmiklum sveitarfélögum sé að stærstum hluta byggð upp á einum stað, verði stuðlað að jöfnun

aðstöðu barna og unglunga til íþróttaiðkana og tónlistanáms í Húnaþingi vestra óháð búsetu.“ Elín R. Líndal, Ragnar Smári Helgason

Fram lögð eftirfarandi bókun „Í framhaldi af framkomnum bókunum fulltrúa B-lista í sveitarstjórn um úthlutunarreglur v/ aksturs barna í Húnaþingi vestra og gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar telja undirritaðir fulltrúar í sveitarstjórn Húnaþings vestra að framkomnar tillögur um breytingar á greiðslum vegna aksturs og á gjaldskrá íþróttamiðstöðvar séu settar fram af ábyrgð og sanngirni. Sem fyrr koma greiðslur vegna aksturs barna í tómstundastörf og leikskóla sér best fyrir þá sem um lengstan veg eiga að fara og munu berast þeim sem verða fyrir mestum útgjöldum vegna þessa. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar er færð til samræmis því sem víðast tíðkast í sveitarfélögum og sker sig á engan hátt frá því sem almennt getur talist.“ Leó Örn Þorleifsson, Stefán Böðvarsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir, Elín Jóna Rósinberg.

Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2011 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki til síðari umræðu í sveitarstjórn 9. desember nk. kl. 15:00.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 11:55

Leó Örn Þorleifsson

Stefán Einar Böðvarsson

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín Jóna Rósinberg

Ragnar Smári Helgason

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín R. Líndal

